

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 05/2023.

HRFÍ

gegn

XXX

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 05. desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærða XXX hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 21. ágúst 2022 kom í ljós að Miniture Pinscher tíkin AA var ekki með gilt hnéskeļjavottorð fyrir þörun. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er XXX

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram :

MINIATURE PINSCHER Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 31.janúar 2023 og henni gefinn fjögurra vikna andmælafrestur. Kærða svaraði ekki efnislega. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað Miniture Pinscher tíkina Pinky án þess að hafa hnéskeļjavottorð.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

#### IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Arnheiður Runólfsdóttir

Sunna B. Helgadóttir

Sunna Birna Helgadóttir

Selma Olsen

Selma Olsen